

- 7 reiðatrygginga séu færð gjöld, sem ekki eiga þar heima, ber þeim að gera athugasemdir um það, og séu þær ekki teknar til greina af tryggingafélagi, ber að birta athugasemdirnar í Lögbirtingablaðinu með rekstrarreikningi ásamt svörum félagsins þar að lútandi. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um gerð reikninga tryggingafélaga og endurskoðun þeirra og birtingu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1952.

*Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1952.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

8

## L Ö G

24. jan.

**um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.**

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- Á eftir VII. c. í 11. gr. laganna komi nýir stafliðir, þannig:  
 d. Garðávaxtageymslur, steyptar, með þaki úr varanlegu efni, kr. 5.50 pr. m<sup>3</sup>.  
 e. Garðávaxtageymslur úr öðru efni, kr. 3.00 pr. m<sup>3</sup>.

2. gr.

Í stað „1952“ í 3. málsg. bráðabirgðaákvæða laganna komi: 1954.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1952.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

9

## AUGLÝSING

25. jan.

**um meðferð forsetavalds.**

Vegna andláts herra Sveins Björnssonar forseta Íslands, hinn 25. janúar 1952, fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar með forsetavald samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, unz forseti hefur verið kjörinn.

*Í forsætisráðuneytinu, 25. janúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Birgir Thorlacius.*